



ÁRSSKÝRSLA

KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS

2011-2013



Körfuknattleikssamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal · Engjavegi 6, 104 Reykjavík

Stjórn, starfsmenn og nefndir KKÍ starfstímabilið 2011-2013

Stjórn KKÍ:

Formaður:	Hannes Sigurbjörn Jónsson
Varaformaður:	Guðbjörg Norðfjörð
Gjaldkeri	Eyjólfur Þór Guðlaugsson
Ritari:	Rúnar Birgir Gíslason
Meðstjórnandi:	Páll Kolbeinsson
Meðstjórnandi:	Lárus Ingi Friðfinnson
Meðstjórnandi:	Erlingur Hannesson
Varamaður:	Guðjón Guðmundsson
Varamaður:	Bryndís Gunnlaugsdóttir
Varamaður:	Guðjón Már Þorsteinsson

Starfsmennn KKÍ:

Framkvæmdastjóri:	Friðrik Ingi Rúnarsson
Mótastjóri:	Stefán Þór Borgþórsson
Íþróttafulltrúi:	Kristinn Geir Pálsson

Mótanefnd:

Jón Halldórsson, formaður
Kristján Guðlaugsson
Guðni Guðnason

Dómaranefnd:

Pétur Hrafn Sigurðsson, formaður
Rögnvaldur Hreiðarson
Rúnar Birgir Gíslason

Afreksnefnd:

Páll Kolbeinsson, formaður
Guðbjörg Norðfjörð
Anna María Sveinsdóttir
Karl Jónsson
Svali Björgvinsson

Fræðslunefnd:

Falur Harðarson, formaður
Guðjón Már Þorsteinsson
Þóra Melsted

Aga- og úrskurðarnefnd:

Ingimar Ingason, formaður
Þórólfur H. Þorsteinsson, varaformaður
Björgvin Björnsson, varaformaður
Ágúst Jóhannesson
Kristinn G. Kristinsson
Árni Helgason

Áfrýjunardómstóll:

Halldór Halldórsson, formaður
Jóhannes Karl Sveinsson
Bryndís Gunnlaugsdóttir

Áfrýjunardómstóll – varamenn:

Einar Hugi Bjarnason
María Káradóttir
Nökkvi Már Jónsson

Siðanefnd:

var ekki skipuð

Skoðunarmenn reikninga:

Gísli Friðjónsson
Guðmundur Sigurbergsson



Skýrsla stjórnar Körfuknattleikssambands Íslands 2011-2013

Nokkrum dögum eftir Körfuknattleikssþing 2011 kom stjórn KKÍ saman og skipti með sér verkum. Stjórnin hélt 29 bókaða stjórnarfundum en auk þess var fjöldi óformlegra funda, símtala og tölvupóstsendinga um málefni körfuboltans og íþróttahreyfingarinnar.

Áralöng hefð er innan stjórnar KKÍ að jafnt aðalmenn sem varamenn eru boðaðir á alla stjórnarfundum. Þannig er öll stjórn sambandsins virk og inni í öllum þeim málum sem verið að ræða hverju sinni.



Samningar:

Sumarið 2012 var skrifað undir samning við Domino's um að efsta deild karla og kvenna muni bera nafn Domino's – Domino's deildin. Samningurinn er til loka tímabilsins 2014/2015. Samningurinn einn sá stærsti sem KKÍ kefur gert.

Samstarf við Iceland Express um efstu deild karla og kvenna hafði staðið í sjö tímabil á undan.

Vorið 2012 var samið við Icelandair, en Icelandair er aðalstyrktaraðili afreksstarfsins. Samningurinn við Icelandair er til lok árs 2014.

Samningur við Marka um notkun á Spaldingboltum í efstu deildum karla og kvenna var endurnýjaður vorið 2012.

Samningur við Íslenskar Gettraunir var endurnýjaður vorið 2012 um að fyrirtækjabíkarinn heiti Lengjubíkarinn tímabilið 2012/2013.

Samningur við Vífilfell vegna bikarkeppninar um að að bikarkeppnin beri nafnið Poweradebikarinn rennur út í vor en miklar líkur eru á að samið verði að nýju við Vífilfell.

Vorið 2011 var samið við PEAK um að A-landslíðin spili PEAK búningum sem og að landsliðsmenn séu í PEAK upphitunarfötum, æfingagöllum og annað sem tilfellur. Vorið 2012 var samningurinn gerður stærri þar sem yngri landsliðum var bætt inn í samninginn.

KLM verðlaunagripir hafa séð KKÍ fyrir öllum verðlaunagripum á starfstímabilinu eins og undanfarin ár.

Haustið 2011 var samið við Hertz bílaleigu um að Hertz sjái dómurum fyrir bílum í lengri ferðir. Einnig hefur skrifstofa KKÍ afnot af bíl frá Hertz. Samningurinn við Hertz hefur lækkað dómarakostnað töluvert.

Þjálfaranámskeið

Tvö þjálfaranámskeið voru árið 2011, eitt námskeið var haldið 2012. Stefnt að því að gera góða breytingu á þessu frá og með haustinu 2013 þegar regluleg stignámskeið þjálfara hefjast.

Dómaranámskeið

Dómaranámskeið voru nokkur 2011. Það má segja að haustið 2012 hafi orðið mikil framþróun í kennslu á dómaranámskeiðum þegar hægt var orðið að taka skriflegan hluta námskeiðsins í fjarnámi. Kristinn Óskarsson og Jón Bender áttu veg og vanda að þeirri vinnu og námskeiðsgerð og fá kærar þakkir fyrir sína vinnu.

Samstarf við ÍSÍ og önnur sérsambönd

Eins og gefur að skilja er mikið samstarf við ÍSÍ og er það með miklum ágætum. Stjórn og starfsmenn KKÍ sóttu hina ýmsa fundi og ráðstefnur á vegum ÍSÍ. Einnig er gott samstarf við önnur sérsambönd ÍSÍ sem og UMFÍ.

Nokkrir einstaklingar úr körfuknattleikfélögum starfa í stjórn og/eða fastanefndum ÍSÍ Ólafur Rafnsson er forseti ÍSÍ, Kolbeinn Pálsson er fulltrúi í afrekssjóði ÍSÍ og Skúli Skúlason er formaður lyfjaráðs.

Verkefni FIBA dómara

Sigmundur Már Herbertsson fékk all nokkrar tilnefningar frá FIBA Europe auk þess sem hann sótti endurmenntunarnámskeið dómara á vegum FIBA Europe.

Björgvín Rúnarsson hætti sem FIBA dómari sumarið 2012.

Pétur Hrafn Sigurðsson sóttu endurmenntunarnámskeið sumarið 2012 fyrir FIBA eftirlitsmenn „commissioner“ og hefur hann nú þegar fengið verkefni á vegum FIBA Europe.

Kristinn Óskarsson sótti endurmenntunarnámskeið fyrir FIBA leiðbeinendur „instructor“.

Starfandi formaður KKÍ

Formaður KKÍ hefur verið í fullu starfi í embætti sínu síðan sumarið 2011 samkvæmt ákvörðun stjórnar sambandsins.

Afreks-og landsliðsmál KKÍ

Úrvals-og afreksbúðir eru fyrir allnokkru búnar að festa sig í sessi sem einn af föstu punktunum í afreksstarfinu.

U-15 ára landsliðin fóru á Kaupmannahafnarmótið bæði 2011 og 2012.

U-16 og U-18 ára liðin fóru á Norðurlandamót í Solna 2011 og 2012.

U-20 drengir kepptu í B-deild Evrópukeppninnar sumarið 2011.

U-16 stúlkur kepptu í C-deild Evrópukeppninnar sumarið 2012 og sigruðu mótið.

U-18 ára drengir kepptu í B-deild Evrópukeppninnar.

A-landslið kvenna keppti á Norðurlandamóti vorið 2012 og enduðu þær í 3. sæti sem er besti árangur A-landsliðs kvenna frá upphafi á NM.

A-landslið karla keppti á Norðurlandamóti sumarið 2011 og lentu strákarnir í 3. sæti. Í ágúst 2011 var A-landsliði karla boðið til Kína þar sem leiknir voru tveir æfingaleikir.

Sumarið 2012 keppti A-landslið karla í Evrópukeppni eftir þriggja ára hlé frá EM. Keppt var eftir nýju fyrirkomulagi FIBA Europe þar sem öll lönd voru saman í keppninni, sem var riðlaskipt. Við lentum í 6 liða riðli með Serbíu, Svartfjallalandi, Ísrael, Eistlandi og Slóvakíu. Áður en þessir leikir voru spilaðir var landsliðinu boðið til Litháen þar sem leikinn var einn æfingaleikur við úrvalsið Litháens og svo einn vináttulandleikur við A-lið Litháens, sem var síðasti leikur þeirra fyrir ÓL 2012 í London.

Langstærsti útgjaldaliður KKÍ snýr að afreks- og landsliðsmálunum. Allnokkur tími og vinna hefur farið í að fjarmagna afreksstarfið. Sumarið 2012 var sambandinu ansi dýrt fjárhagslega en gott í útbreiðslu á íþróttinni og voru til dæmis allir heimaleikir liðsins í beinni útsendingu á RÚV sem og þrír af fimm útileikjum.

Stjórn og afreksnefnd KKÍ hefur þurft að taka erfiðar ákvarðanir eins og að senda ekki A-landslið kvenna í Evrópukeppni sem og yngri landslið. Þetta er óviðunandi ástand sem þarf að finna varanlega lausn á. Það gerist ekki nema að fjárhagur sambandsins batni til muna.

Ríkisvaldið verður að fara að sýna afreksíþróttum mun meiri skilning og virðingu en gert er í dag. Efla verður afrekssjóð ÍSÍ verulega.

Nánari upplýsingar um afreks-og landsliðsstarf KKÍ kemur fram í skýrslu afreksnefndar.

Körfuknattleiksfólk ársins

Í lok hvers ár velja sérsambönd ÍSí íþróttamenn sinna íþróttagreinna. Fyrir valið á körfuknattleiksfólki ársins 2011 ákvað stjórn KKÍ að breyta því hvernig valið fer fram. Fram til þess tíma hafði stjórn sambandsins alltaf séð um valið. Fleiri komu að valinu að þessu sinni en auk stjórnar eru það afreksnefnd, starfsmenn skrifstofu og landsliðsþjálfarar A-liða sem yngri liða sem velja körfuknattleiksfólk ársins.

Þetta nýja fyrirkomulag reyndist mjög vel og virðist það komið til að vera næstu árin hið minnsta.

2011 Körfuknattleikskarl ársins Jakob Örn Sigurðarson

2011 Körfuknattleikskona ársins Helena Sverrisdóttir

2012 Körfuknattleikskarl ársins Jón Arnór Stefánsson

2012 Körfuknattleikskona ársins Helena Sverrisdóttir

Íþróttamaður ársins

Jakob Örn Sigurðarson varð í 3. sæti í kjörinu á Íþróttamanni ársins 2011, var þetta besti árangur körfuknattleiksmanns síðan 1981 þegar Pétur Guðmundsonn varð einnig í 3. sæti.

Enginn körfuknattleiksmaður komst á topp 10 listann í kjörinu fyrir íþróttamann ársins 2012.

Þriggja manna kerfi í dómgæslu

Haustið 2012 tók stjórn KKÍ þá ákvörðun að leikir í Domino's deild karla skyldu dæmdir í þriggja manna kerfi. Þetta kerfi hefur verið tekið upp á síðustu 12 árum í Evrópu og var Ísland orðið eitt síðasta landið í Evrópu sem hafði ekki tekið upp þriggja manna kerfið. Dæmt hafði verið í þriggja manna kerfinu í öllum mótum á vegum KKÍ með einhverju móti á síðustu 10 árum og komin var tími til að taka kerfið upp. Eitt af því sem gerist í þeim löndum þar sem kerfið hefur tekið upp er að dómuurum fjölga og mikil þörf er á að fjölga dómurum hér á landi, en það bæði minnkar álag á starfandi dómara og lækkar kostnað eins og ferðakostnað.

Fjölmiðlar

Samstarf við fjölmiðla er gott og leggja stjórn og starfsmenn KKÍ mikla áherslu á öflugt samstarf við alla fjölmiðla. Fjölmiðlar njóta góðs af tölfræðikerfi KKÍ þar sem nálgast má allar upplýsingar um tölfræði í Domino's deildunum, 1.deild karla, Poweradebikarnum og Lengjubikarnum fljótlega eftir að leik lýkur. Að undanförunu hefur það verið rætt innan KKÍ hvort þjónusta okkar við fjölmiðlamenn sé orðin of mikil því ljóst er að flestir fjölmiðlar fara á færri og færri leiki og treysta á það að fá úrslitin „beint í æð“ til sín eftir að leikjum lýkur á kvöldin.

RÚV hefur sýnt frá Poweradebikanum auk þess sem þeir eru með vikulegan þátt um körfubolta og handbolta saman sem þeir nefna „Íslenski boltinn“.

Einnig sýndi RÚV beint frá 8 af 10 leikjum A-landsliðs karla í undanriðli EM sumarið 2012.

Stöð 2 Sport hefur sýnt beint frá úrslitakeppni Domino's deildar karla sem og verið með upphitunarþætti fyrir upphaf deildarinnar sem og uppgjörsþátt í lok tímabils.

SportTV hefur sýnt fjölda leikja frá Domino's deildunum, Poweradebikanum, Lengjubikarnum, Stjörnuleikjunum sem og frá úrslitum yngri flokka. Það stefnir í að á yfirstandandi keppnistímabili verðir sýnir 60-70 leikir á sporttv.is.

Karfan.is hefur staðið sig hreint út sagt ótrúlega í fréttáflutningi af körfbolta og fá Jón Björn Ólafsson og allir hinir sjálfboðaliðarnir sem leggja til efni á karfan.is mikið hrós fyrir sína góðu vinnu við útbreiðslu íþróttarinnar.

Einnig hafa miðlar eins og leikbrot.is og sport.is staðið sig vel.

Körfuboltahreyfingin hefur verið mjög dugleg að koma íþróttinni á framfæri meðal annars með því að sýna beint frá leikjum á internetinu sem nokkur félög gera í dag frá öllum sínum heimaleikjum.

Mótahald

Mótahald KKÍ er ansi víðamikil og eitt umfangmesta móthald innan sérsambanda ÍSí. Stærsta og veigamesta starfið fer fram á körfuboltavöllum landsins hringinn í kringum í landið á degi hverjum á æfingum eða í keppni.

Körfuboltinn önnur útbreiddasta íþróttagrein landsins í dag og er stundaður í 24 af 25 íþróttahéruðum landsins.

Mótahaldinu eru gerð ítarleg skil í skýrslu mótanefndar.

Heiðursveitingar

Lárus Blöndal og Hannes Birgir Hjálmarsson fengu Silfurmerki KKÍ á 100 ára afmæli Vals í maí 2011.

Á lokahófi sambandsins 2012 fengu Magnús Andri Hjaltason úr Grindavík og Gunnar Jóhannsson úr Keflavík Silfurmerki KKÍ.

Alþjóðlegt starf

FIBA Europe hélt þing sitt 2011 í Portúgal og árið 2012 í Slóveníu, Hannes S. Jónsson formaður og Friðrik Ingi Rúnarsson framkvæmdastjóri sóttu bæði þingin.

Norðurlandafundir voru haldnir haustin 2011 og 2012, Hannes S. Jónsson formaður og Friðrik Ingi Rúnarsson framkvæmdastjóri sóttu báða fundina. Næsti norðurlandafundur verður haldinn haustið 2013 á Íslandi.

FIBA Europe hefur haldið fundi fyrir framkvæmdastjóra einu sinni ári sem Friðrik Ingi Rúnarsson hefur farið á.

Rúnar Birgir Gíslason fór á fund hjá MBT fyrirtækinu sem sér um móta- og tölfræðikerfið sambandsins.

Hannes S. Jónsson er í fjárhagsnefnd FIBA Europe og hefur farið á nokkra fundi vegna setu í nefndinni.

Guðbjörg Norðfjörð er í unglínganefnd FIBA Europe og hefur farið á nokkra fundi vegna setu í nefndinni

Ólafur Rafnsson fyrrverandi formaður KKÍ og forseti ÍSÍ hefur gegnt embætti forseta FIBA Europe síðan 2010. Sem forseti FIBA Europe situr hann í stjórn FIBA World. Töluverðar hræringar urðu hjá FIBA Europe vorið 2012 þegar stjórn sambandsins sagði upp framkvæmdastjóranum. Nokkra mánuði tók að ráða nýjan framkvæmdastjóra, en Ólafur gegndi framkvæmdastjórastöðunni á meðan.

Lyfjamál

Samtals hafa verið 30 körfuknattleiksmenn verið teknir í lyfjapróf á tímabilinu, 16 í keppni og 14 utan. Enginn körfuknattleiksmaður hefur fallið á lyfjaprófi á tímabilinu.

Helena Sverrisdóttir hefur verið valin í skráðan lyfjaprófunarhóp FIBA fyrri hluta árs 2013. Í hópinn eru valdir fremstu íþróttamenn í greininni, þurfa þeir að skrá upplýsingar um hvar æfingar og keppnir fara fram svo hægt sé að boða íþróttamennina í lyfjapróf án fyrirvara.

Mikilvægt er að íþróttamenn séu vel upplýstir um þær reglur sem í gildi eru er varða málaflokkinn. Bannlisti Alþjóða lyfjaeftirlitsins er uppfærður árlega. Mikilvægt er að íþróttamenn hafi varann á sér og gangi úr skugga um að lyf er þeim eru ávísuð innihaldi ekki efni af bannlista. Varúðar þarf að gæta við inntöku fæðubótarefna.

Lokahóf

Þónokkur umræða hefur átt sér stað um lokahófið KKÍ á undanförunum árum.

Stjórn KKÍ ákvað nú í vetur eftir að hafa framkvæmt könnun á meðal félaga í Dominos deildunum að breyta lokhófinu sem verður í 4. maí næstkomandi.

Það verður prófað að hafa „standandi“ hóf samt áfram flestu af því sem verið hefur verið á undanförunum lokahófum. Hófið fer fram í Laugardalshöllinni laugardaginn 4. maí.

Lokahófið fór fram í Stapanum vorið 2012.

Smáþjóðaleikar 2015 á Íslandi

Mánaðarmótin maí/júní 2015 munu Smáþjóðaleikarnir fara fram á Íslandi. Mikilvægt er að framkvæmd körfuboltans sem og annarra íþróttagreina takist vel og ljóst er að marga sjálfboðaliða þarf til að vinna hin ýmsu verk á leikunum.

Skýrsla mótanefndar 2011-13

Tímabilið 2011-12

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni, formanni, Kristjáni Guðlaugssyni og Guðna Guðnasyni.

Tímabilið 2011-12 tóku 44 félög þátt í Íslandsmótinu og var það aukning um eitt félag milli ára. Lið Mostra kom aftur til leiks í 2. deildinni en þeir voru ekki með árið á undan. Augnablik og Katla komu ný inn í Íslandsmótið en sem fyrr tefldu Hörður, Kormákur, Reykdælir og Afturelding eingöngu liðum í yngri flokkum. Það félag sem tók ekki þátt var Kkf. Þórir úr Reykjavík.

Meistarar meistaranna fór fram í DHL-höllinni á heimavelli Íslandsmeistara karla KR. Þar mættu KR-ingar Grindavík. Grindavík hafði betur 85-87 en KR sem vann tvöfalt árið á undan mætti Grindavík sem tapaði í bikarúrslitum fyrir KR. Hjá konunum lögðu KR-ingar Keflavík 49-88 en KR var ríkjandi bikarmeistari og Keflavík Íslandsmeistari.

Fyrirkomulag fyrirtækjabikarsins var breytt á þinginu 2011 í keppni karla og kvenna. Hjá konunum léku öll lið úrvalsdeildar og tvö efstu lið 1. deildar kvenna í tveimur fimm liða riðlum. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrleikaröðun. Leikin er ein umferð fyrir keppnistímabilið. Efsta lið hvors liðs fór í úrslitaleikinn. Í úrslitaleiknum mættust Keflavík og Haukar þar sem þær rauðu unnu 61-63 en leikið var í Dalhúsum.

Hjá körlunum var ákveðið á þinginu 2011 að breyta fyrirkomulaginu í fyrirtækjabikarnum. Nú var leikið í fjórum riðlum en öll lið úrvalsdeildar ásamt fjórum efstu úr 1. deild skipuðu riðlana. Dregið var í riðla eftir fyrirfram ákveðinni styrleikaröðun. Sigurvegari hvers riðils fór í hin fjögur fræknu en það voru Grindavík, Snæfell, Keflavík og Þór Þ. Í úrslitaleiknum hafði Grindavík betur gegn Keflavík í rosaleikum leik 75-74 en öll úrslitahelgin fór fram í DHL-höllinni.

Iceland Express-deild karla var skipuð 12 liðum en Þór Þ. og Valur voru nýliðar í deildinni. Að lokinni deildarkeppni var Grindavík deildarmeistari nokkuð örugglega en átta stig skildu að liðin í 1. og 2. sæti. Valur og Haukar féllu niður í 1. deild.

Í átta liða úrslitum mættust Grindavík(1) og Njarðvík(8) þar sem Njarðvík vann 2-0. KR(2) lagði Tindastól(7) 2-0. Þór Þ.(3) hafði betur gegn Snæfelli(6) í oddaleik og í viðureign Stjörnunnar(4) og Keflavíkur(5) þurfti einnig oddaleik til að útkljá einvígið. Stjarnan hafði betur.

Í undanúrslitum mættust Grindavík og Stjarnan. Þar sem Grindavík vann 3-1 og Þór Þ. lagði einnig KR 3-1.

Í úrslitunum mættust þá nýliðarnir Þór Þ. gegn efsta liðinu Grindavík. Á endanum vann Grindavík einvígið 3-1 og varð Íslandsmeistari í annað sinn í sögu félagsins og í fyrsta sinn síðan árið 1996.

Átta lið léku í Iceland Express-deild kvenna og var sú breyting gerð á þingingu 2011 að hætta að skipta deildinni í A og B hluta að loknum tveimur umferðum. Nú var leikin fjórföld umferð eða 28 leikir á lið. Valur var nýliði í deildinni en lið Hamars féll niður í 1. deild.

Grindavík gaf frá sér sæti sitt í deildinni og skráði sig í 1. deild. Fjölnir sem féll árið á undan tók sæti Grindavíkur í úrvalsdeildinni.

Í undanúrslitum lögðu Haukar[4] Keflavík[1] 3-0 og Njarðvík[2] hafði betur gegn Snæfelli[3] 3-1. Í úrslitum mættust því Njarðvík og Haukar. Njarðvík hafði betur 3-1 og hampaði því fyrsta Íslandsmeistaratitli meistaraflokks kvenna í sögu félagsins.

Tíu lið skipuðu 1. deild karla en ÍG og ÍA voru nýliðar. Lið KFÍ endaði í efsta sæti og fór beint upp í úrvalsdeild. Í undanúrslitum um laust sæti mættust annars vegar Hamar[2] og ÍA[5] og hinsvegar Skallagrímur[3] og Höttur[4]. Svo fór að ÍA og Skallagrímur fóru bæði áfram 2-0.

Sannkallaður vesturlandsslagur var í úrslitum og íþróttahúsin full á öllum leikjunum. Svo fór að Skallagrímur hafði betur 2-1 og fylgdi KFÍ upp í úrvalsdeildina.

Sex lið skipuðu 1. deild kvenna og var leikin þreföld umferð sem gerði 15 leiki á lið. Í fyrsta sinn voru úrslit um laust sæti í úrvalsdeildinni. Grindavík og KFÍ léku til úrslita þar sem Grindavík hafði betur 2-1 og fór upp um deild.

Í 2. deild karla voru 18 lið skráð til leiks og var leikið í tveimur níu liða riðlum. Tvöföld umferð í hvor riðli. Fjögur efstu lið hvors riðils fóru í úrslitakeppni sem var með útsláttarfyrirkomulagi. Í úrslitaleiknum áttust við Augnablik og Reynir Sandgerði. Svo fór að Augnablik hafði betur 89-80 en bæði lið fóru upp um deild.

Aðeins sex lið léku í B-liða deild karla. Fjögur efstu liðin fóru í úrslitakeppnina en svo fór að í úrslitaleik höfðu Haukar-b betur gegn KR-b 90-87.

Úrslitaleikir bikarkeppni KKÍ fóru fram í Laugardalshöll eins og undanfarin ár og voru þeir í beinni útsendingu á RÚV. Í úrslitaleik kvenna áttust við Snæfell og Njarðvík. Það voru Njarðvíkingar sem stóðu uppi sem sigurvegarar og fögnuðu sínum fyrsta bikarmeistaratitli í meistaraflokki kvenna. Í úrslitaleik karla áttust við Keflavík og Tindastóll og svo fór að Keflavík hafði betur 97-95.

Bikarúrslit yngri flokka fóru fram í Vodafone-höllinni í umsjón Valsmanna. Umgjörðin tókst afar vel upp en fimm félög unnu titla.

Góð þátttaka var í Íslandsmóti yngri flokka og var keppnin með hefðbundnu sniði. Að þessu sinni var ákveðið að úrslit eldri flokkana yrði á heimavelli félaganna. Njarðvík sá um aðra helgina og KR um hina. Stjórn KKÍ ákvað að afnema skotklukku í 8. flokki og neðar og var leikið eftir því fyrirkomulagi út veturinn.

Íslandsmeistarar

Úrvalsdeild:	Grindavík
B-liðakeppni karla:	Haukar
Unglingaflokkur karla:	KR
Unglingaflokkur kvenna:	Keflavík
Drengjaflokkur:	KR
Stúlknafllokkur:	Njarðvík
11. flokkur karla:	Stjarnan
10. flokkur karla:	Haukar
10. flokkur kvenna:	Keflavík

9. flokkur karla:	Grindavík
9. flokkur kvenna:	Keflavík
8. flokkur karla:	KR
8. flokkur kvenna:	Keflavík
7. flokkur karla:	KR
7. flokkur kvenna:	Keflavík
Minnibolti 11 ára:	Keflavík
Minnibolti kvenna:	Keflavík

Bikarmeistarar

Unglingaflokkur karla:	KR
Unglingaflokkur kvenna:	Snæfell
Drengjaflokkur:	Njarðvík
Stúlknaflokkur:	Njarðvík
11. fl. karla:	KR
10. fl. karla:	Haukar
10. fl. kvenna:	Keflavík
9. fl. karla:	Grindavík
9. fl. kvenna:	Keflavík
Bikar - Mfl. karla:	Keflavík
Bikar - Mfl. kvenna:	Njarðvík

Deildarmeistarar

Úrvalsdeild karla:	Grindavík
Úrvalsdeild kvenna:	Keflavík
1. deild karla:	KFÍ
1. deild kvenna:	Grindavík
2. deild karla:	Augnablik

Eftirtalin verðlaun voru veitt fyrir keppnistímabilið 2011-2012:

Prúðustu leikmenn IEX deilda:

Prúðasti leikmaðurinn í Iceland Express-deild kvenna:
Hildur Björg Kjartansdóttir - Snæfell

Prúðasti leikmaðurinn í Iceland Express-deild karla:
Darri Hilmarsson - Þór Þorlákshöfn

Bestu erlendu leikmenn IEX deilda:

Besti erlendi leikmaður Iceland Express-deild kvenna:
Lele Hardy - Njarðvík

Besti erlendi leikmaður í Iceland Express-deild karla:
J´Nathan Bullock - Grindavík

Bestu varnarmenn IEX deilda:

Besti varnarmaðurinn í Iceland Express-deild kvenna:
Pálína Gunnlaugsdóttir - Keflavík

Besti varnarmaðurinn í Iceland Express-deild karla:
Guðmundur Jónsson - Þór Þorlákshöfn

Bestu ungu leikmenn IEX deilda:

Besti ungi leikmaðurinn í Iceland Express-deild kvenna:
Margrét Rósa Hálfðánardóttir - Haukar

Besti ungi leikmaðurinn í Iceland Express-deild karla:
Elvar Már Friðriksson - Njarðvík

Besti dómari Iceland Express-deildum:
Jón Guðmundsson

Bestu þjálfarar IEX deilda:

Besti þjálfari Iceland Express-deild karla:
Helgi Jónas Guðfinnsson - Grindavík

Besti þjálfari Iceland Express-deild kvenna:
Sverrir Þór Sverrisson - Njarðvík

Úrvalslið Iceland Express deildar karla og kvenna:

Pálína Gunnlaugsdóttir - Keflavík
Magnús Þór Gunnarsson - Keflavík

Íris Sverrisdóttir - Haukar
Justin Shouse - Stjarnan

Hildur Sigurðardóttir - Snæfell
Jón Ólafur Jónsson - Snæfell

Petrúnella Skúladóttir - Njarðvík
Finnur Atli Magnússon - KR

Sigrún Sjöfn Ámundadóttir - KR
Sigurður Gunnar Þorsteinsson - Grindavík

Bestu leikmenn IEX deilda:

Besti leikmaður Iceland Express-deildar kvenna:
Pálína Gunnlaugsdóttir - Keflavík

Besti leikmaður Iceland Express-deildar karla:
Justin Shouse - Stjarnan

Tímabilið 2012-13

Mótanefnd var skipuð þeim Jóni Halldórssyni, formanni, Kristjáni Guðlaugssyni og Guðna Guðnasyni.

Tímabilið 2011-12 tóku 44 félag þátt í Íslandsmótinu og var það sami fjöldi og árið á undan. Afturelding sem hafði til þessa eingöngu teft fram yngri flokkum bætti við meistaraflokki. Níu lið voru skráð í 1. deild kvenna og var það aukning um þrjú lið. Um mitt sumar voru 11 lið skráð til leiks en Hekla og Víkingur Ó. þurftu að draga liðin úr keppni.

Þar sem keppnistímabilinu er ekki lokið verður samantekt um uppgjör vetrarins bætt við skýrsluna í lok árs.



Skýrsla dómara nefndar KKÍ 2011 - 2012 og 2012 - 2013

Stjórn KKÍ skipaði eftirtalda einstaklinga í dómara nefnd KKÍ:

Pétur Hrafn Sigurðsson formaður, Rögnvaldur Hreiðarsson og Sigmundur Már Herbertsson.

Á síðara árinu kom Rúnar Gíslason inn fyrir Sigmundur Má sem hætti að eigin ósk.

Starfsemi dómara nefndar var með nokkuð hefðbundnum hætti.

Tímabilið 2011 - 2012

Haldinn var haustfundur sem markar upphaf keppnistímabilsins hjá dómurum.

Aðalfyrirlesari var Kristinn Óskarsson FIBA instructor, en hann hefur haft veg og vanda að undirbúningi og skipulagi efnistaka á haustfundum undanfarin 10 ár. Á haustfundi koma dómara saman á námskeið, taka þrekpróf, skriflegt próf og undirbúa keppnistímabilið framundan. Í janúar er haldinn annar fundur þar sem farið er yfir tímabilið og skerpt á áherslum dómara nefndar og rætt um framhaldið. Jafnframt er annað þrekpróf haldið. Fyrir úrslitakeppni er sérstakur fundur haldinn þar sem farið er í gegnum áhersluatriði og úrslitakeppnina framundan. Skilyrði fyrir því að dæma í efstu deild eru að dómara ná öllum prófum.

Dómara nefnd ákvað að hætta að flokka dómara í A, B, C eða D dómara. Nefndin vinnur með dómurum sem hafa réttindi til að dæma og lítur svo á að með því að raða dómara á leik þá sé hann til þess hæfur að dæma hann.

Raðað er á alla leiki í efstu þremur deildum karla og efstu tveimur deildum kvenna, auk unglíngaflokks karla. Fyrra tímabilið fengu 36 dómara leiki í þessum deildum. Markmið dómara nefndar er að fjölga dómurum með réttindi sem dæma á vegum KKÍ. Ljóst var að því markmiði var ekki hægt að ná nema fjölga leikjum sem í boði vour. Þeir einstaklingar sem komu af dómara námskeiðum sem haldin voru fengu fá verkefni, flestir misstu áhugann og komust aldrei í takt við dómara hópin. Alls var raðað á 925 leiki á tímabilinu og eins og áður sagði 36 dómara sem skipta með sér verkinu.

Mikið var rætt um þriggja dómara kerfi og var það keyrt í bikarkeppni KKÍ og reyndist vel. Haldið var námskeið fyrir dómara í kerfinu og fjölleikdamót dæmd til að slípa dómara til. Enn fremur voru margir unglíngaflokksleikir dæmdir í þriggja dómara kerfinu til að þjálfa dómara í nýrri tækni. Dómara gáfu laun þriðja dómara.

Dómara voru á faraldsfæti. Á norðurlandamót unglíngalandsliða 2011 fóru Sigmundur Már Herbertsson, Davíð Hreiðarsson, Jakob Árni Ísleifsson, Davíð Tómas Tómasson og Kristinn Óskarsson sem FIBA instructor.

Árið 2012 fóru Ísak Kristinsson, Steinar Orri Sigurðsson, Davíð Hreiðarsson, Sigurbaldur Frímannsson og Kristinn Óskarsson sem FIBA Instructor.

Steinar Orri Sigurðsson og Halldór Geir Jensson fóru á Copenhagen Invitational með U-15 ára landsliðum karla og kvenna árið 2011 og árið 2012 fóru Jón Þór Eypórsson og Gunnar Andresson.

Rögnvaldur Hreiðarsson fór með A-landsliði karla á Norðurlandamót og Björgvin Rúnarsson fór með A-landsliði kvenna á Norðurlandamót.

Tímabilið 2012-2013

Tímabilið var afar viðburðaríkt. Það hófst á haustfundum dómara og sem fyrr var Kristinn Óskarsson FIBA Instructor aðalfyrirlesari á námskeiðinu, ásamt Jan Holmin sem er FIBA Instructor frá Svíþjóð. Jafnframt hélt Matti Ósvald afar áhugaverðan fyrirlestur.

Dómaranefnd fékk Helga Jónas Guðfinnsson til að taka dómara í æfingaprógram hjá sér og fékk hver dómari sitt prógram. Almenn ánægja var með þessa ráðstöfun og fjöldi dómara nýtti sér þetta.

Stjórn KKÍ tók þá ákvörðun að taka upp þriggja dómara kerfi í efstu deild karla.

Dómaranefnd KKÍ var því mjög hliðholl. Ísland var eitt síðasta landið í Evrópu sem tók upp þriggja dómara kerfi. Sem betur fer hefur leikurinn í efstu deild karla þróast og orðið hraðari og betri og krefst þess að þrír dómaraar dæmi leikinn svo vel sé. Dómaranefnd er almennt séð ánægð með hvernig til tókst við innleiðingu þriggja dómara kerfisins. Fyrir innleiðingu var óttast að fjölgun yrði í dæmdum villum. Niðurstaðan til þessa er að svo er ekki. Villum fjölga frá því í fyrra um 1,6 á umferð sem er vel innan skekkjumarka.

Eins og fram kom hér að framan að þá telur dómaranefnd það eitt af frumskilyrðum fyrir fjölgun dómara að verkefnum þeirra fjölgi. Fjölgun dómara er einnig grundvöllur fyrir því að fá betri dómara og meiri samkeppni. Þriggja dómara kerfið var einn hluti þess, en einnig er mikilvægt að búa til leiki fyrir nýliða sem koma fram. Því lagði dómaranefnd fram hugmynd til félaganna og Körfuknattleiksdómarafélags Íslands um að nefndin myndi raða dómurum á leiki í drengjaflokki. Greiðslan verði 1.000 krónur pr. dómara og dómaraar kæmu innan héraðs án ferðakostnaðar. Mörg félög samþykktu þetta og sama gerði KKDÍ fyrir hönd félagsmanna sinna. Dómaranefnd lýsir ánægju sinni með framkvæmdina og hafa margir nýir dómaraar nýtt sér drengjaflokksleikina sem frekari stökkpall og komist inn í dómaraahópin. Aldrei hafa fleiri dómaraar fengið leiki á vegum dómaranefndar KKÍ eða alls 49 sem er fjölgun um 13 dómara! Það er því hægt að fullyrða að þessi tilraun hafi tekist vel. Vonandi eiga svo þessir dómaraar eftir að aðstoða félögin við dómgaeslu á fjölliðamótum sem þau halda og þannig létta undir í starfinu og tryggja betri dómgaeslu í fjölliðamótum yngri flokka. Markmiðið hlýtur að vera að allir leikir á vegum KKÍ verði dæmdir af einstaklingum með dómaraaréttindi. Leikjunum sem raðað er á hefur fjölgað og verða vel yfir 1.000 talsins á þessu keppnistímabili.

